



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

20.11. 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þingmál 276.**

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að tekjuskatthlutfall lækki í 22,75% í stað 21,75% eins og áður hafði verið lögfest. Á móti er árlegur persónuafsláttur hækkaður úr 356.180 kr. í 385.800 kr. (úr 29.682 kr. í 32.150 á mánuði) sem nemur 8,3%. Er þessi breyting í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 sem tengdist samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Fram kemur í athugasemdum að í þessum breytingum felist að tekjuskattur launafólks lækki um 800 m.kr. minna en ella hefði orðið, þ.e. að í þeirri breytingu sem sátt varð um í júní sl. felist í raun hækkan á tekjuskatti. Hugmyndin að baki breytinganna var að fallið var frá lækkun annarrar af þeim tveimur prósentum tekjuskatts sem lögfestar höfðu verið og að persónuafláttur yrði hækkaður sem næmi tekjum ríkissjóðs af einni tekjuskattsprósentu. Í því ljósi er eðlilegt að fjárhæð persónuafsláttar verði endurskoðuð til hækkunar þannig að formbreyting skattalækkunarinnar úr skatthlutfalli í persónuafslátt verði hlutlaus fyrir ríkissjóð.

Í 9. gr. er lögð til sú breyting á 4. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að ekki verði haldið eftir fjármagnstekjuskatti af arði sem úthlutað er á milli félaga sem samsköttuð eru. Þessi breyting gengur of skammt og ætti að taka til allra arðgreiðslna milli félaga. Arður sem félög hafa af eign í öðrum félögum er ekki skattskyldur skv. lögum um tekjuskatt og felur því staðgreiðsla af arðstekjum félaga í sér lögbundna lánveitingu til ríkisins. Er því lagt til að breytingin nái til allra félaga og að 9. gr. frv. hljóði svo:

*„Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist: að undanteknum arði sem úthlutað er til sem félaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og félaga og samlaga sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga, með síðari breytingum.“*

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri